

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 627, 7. september 1983,  
um lágmarksbúnað loftfara, sbr. reglugerð nr. 396 9. október 1985  
um breytingu á henni.

### 1. gr.

Grein 2.1.2. orðist þannig:

Íslensk loftför, eða loftför á vegum íslenskra aðila, skulu í flugi til og frá Íslandi og fara fjær ströndu en 93 km (50 sjómílar) búin björgunarbatum er rúmi alla um borð. Sama krafa gildir fyrir flugvélar yfir 5700 kg hámarks massa, sem notuð eru í reglubundnu áætlunarflugi með farþega. Neyðarsendir, sem getur sent á tíðni 121,5 og 243 Mhz, og fullnægir kröfum flugmálastjórnar um slíka senda, skal vera í eða festur við a. m. k. einn björgunarbat loftfarsins.

### 2. gr.

Grein 4.2.2. orðist þannig:

Þar sem einn flugmaður er við stjórn flugvélar í blindflugi í farþegaflutningum, skal eftirtalinn búnaður, sem uppfyllir kröfur flugmálastjórnar vera fyrir hendi:

- a) Priggja-ása sjálfstýring.
- b) Hæðarvari, þ. e. í flugvélum búnum hverfilhreyflum og með jafnþrýstibúnaði.
- c) Eitt LORAN-C viðtæki, frá og með 1. janúar 1988.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra loftafara, svo og loftfara, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis  
og nota annan orkugjafa en bensín.

### 1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi öikumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	692		
1000— 1999	885	7200— 7399	2 252
2000— 2199	936	7400— 7599	2 303
2200— 2399	986	7600— 7799	2 353
2400— 2599	1 037	7800— 7999	2 404
2600— 2799	1 087	8000— 8199	2 455
2800— 2999	1 138	8200— 8399	2 505
3000— 3199	1 189	8400— 8599	2 556
3200— 3399	1 239	8600— 8799	2 606
3400— 3599	1 290	8800— 8999	2 657
3600— 3799	1 341	9000— 9199	2 708
3800— 3999	1 391	9200— 9399	2 758
4000— 4199	1 442	9400— 9599	2 809
4200— 4399	1 493	9600— 9799	2 860
4400— 4599	1 543	9800— 9999	2 910
4600— 4799	1 594	10000—10199	2 961
4800— 4999	1 644	10200—10399	3 012
5000— 5199	1 695	10400—10599	3 062
5200— 5399	1 746	10600—10799	3 113
5400— 5599	1 796	10800—10999	3 163
5600— 5799	1 847	11000—11199	3 214
5800— 5999	1 898	11200—11399	3 268
6000— 6199	1 948	11400—11599	3 315
6200— 6399	1 999	11600—11799	3 366
6400— 6599	2 050	11800—11999	3 417
6600— 6799	2 100	12000—12199	3 467
6800— 6999	2 151	12200—12399	3 518
7000— 7199	2 201	12400—12599	3 569
12600—12799	3 619	14800—14999	4 176
12800—12999	3 670	15000—15199	4 227
13000—13199	3 720	15200—15399	4 277
13200—13399	3 771	15400—15599	4 328
13400—13599	3 822	15600—15799	4 379
13600—13799	3 872	15800—15999	4 429
13800—13999	3 923	16000—16199	4 480
14000—14199	3 974	16200—16399	4 531
14200—14399	4 024	16400—16599	4 581
14400—14599	4 075	16600—16799	4 632
14600—14799	4 126	16800—16999	4 683

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 50 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

- b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnar eru viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um öikumæla með síðari breytingum, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi öikumælisbúnaði.

#### 2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en sem nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

#### 3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að öikumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli öikumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa á öikumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekin kílómétrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

#### 4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977 um öikumæla með síðari breytingum. Ákvæði e-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 485/1984 skulu þó ekki gilda um innheimtu þungaskatts skv. reglugerð þessari.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1986.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

Nr. 256

## REIKNINGUR

### Þjóðhátíðarsjóðs 1985.

Eignir:		kr.
Spariskírteini 2. fl. 1984 .....		26 244 800,00
Innstæða á hlr. 40091 .....		3 337 633,14
		<hr/>
		29 582 433,14
Skuldir:		
Ósóttir styrkir, úthl. 1985 .....		180 000,00
Ósóttir styrkir, fyrri úthl. ....		198 100,00
Höfuðstóll 31. desember 1984 .....	kr. 22 370 336,67	
Tekjur umfram gjöld .....	kr. 6 833 996,47	29 204 333,14
		<hr/>
		29 582 433,14
Tekjur:		
Vextir .....		769 251,22
Verðhækkun spariskírteina .....		8 321 600,00
Vegna sölu spariskírteina .....		370 125,00
		<hr/>
		9 460 976,22
Gjöld:		
Styrkveitingar 1985 .....		2 600 000,00
Ýmis kostnaður .....		26 979,75
Tekjur umfram gjöld .....		6 833 996,47
		<hr/>
		9 460 976,22

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 18. apríl 1986.

**Halldór V. Sigurðsson.**

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs

**Magnús T. Ólafsson**

**Jóhannes Nordal**

**Eysteinn Jónsson**

**Gils Guðmundsson**

**Björn Bjarnason.**